

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

307. fundur

Miðvikudaginn 26. júní 2019 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Ráðhúsi Garðabæjar og hófst hann kl. 8:00.

Mætt voru

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Helga Ingólfssdóttir (HI), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ) og Karen Halldórsdóttir (KH).

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

- 1) Leiðanetsmál – leið 5
- 2) Önnur mál
 - a) Kjarasamningar
 - b) Nýtt leiðanet

Tekið fyrir:

1. Leiðanetsmál – leið 5

Áframhaldandi umræða um breytingar á leið 5 en tillögunum er ætlað að leysa að hluta vandræði á leiði 5 vegna umferðatafa á háannatíma frá Nauthól að BSÍ.

Lagt er til að skipta leið 5 upp í tvær leiðir á virkum dögum frá og með haustinu 2019, þ.e. leið 5 myndi þá aka hefðbundna leið úr Norðlingaholti/Árbæ en enda á BSÍ og ný leið, leið 8 myndi aka frá BSÍ að Nauthól. Kostnaður er áætlaður um 7 milljónir króna fyrir árið 2019 og samþykkir stjórn breytinguna enda er hún innan fjárhagsramma ársins. Samþykktin tekur til ársins 2019.

Jafnframt óskar stjórn eftir því að rýnt verði með Háskólanum í Reykjavík, Reykjavíkurborg og öðrum hagaðilum á svæðinu hvernig hægt sé að leysa umferðartafarnar til framtíðar með öðrum mótvægisáðgerðum.

2. Önnur mál.

- a. Framkvæmdastjóra veitt heimild að ganga frá samkomulagi við stéttarfélag um friðarskyldu til 30. september 2019 en stefnt er að því að ljúka gerð kjarasamnings fyrir þann tíma.
- b. Umræður um stöðu á vinnu faghóps við nýtt leiðanet, stjórn óskar eftir að staðan verði kynnt fyrir stjórn í haust.

Björg Fenger

Hjálmar Sveinsson

Helga Ingólfssdóttir

Karen Halldórsdóttir

Ásgeir Sveinsson

Sigrún Edda Jónsdóttir